

Til Viðskiptanefndar Alþingis

Vísað er til fundar sem fram fór í viðskiptanefnd Alþingis 9. desember, þar sem gestir voru undirritaður frá Fjármálaeftirlitinu og Kjartan Gunnarsson frá Efnahags- og viðskiptaráðuneytinu. Umræðuefnið var 229. mál, frumvarp til laga um váttryggingastarsemi. Á fundinum var beðið um viðbótarupplýsingar sem fylgja hér með.

Í viðhengi er reglugerð nr. 646/1995 um eignir til jöfnunar váttryggingaskuldar (þar sem breytingar sem gerðar hafa verið í gegnum tíðina hafa verið felldar inn). Gögn þessi eru send vegna umræðu um 36. og 37. gr. frumvarpsins. Fjármálaeftirlitið áréttar það sjónarmið sem fram kom á nefndum fundi að ekki sé ástæða til að hrófla við þeirri hefð sem verið hefur frá upphafi gildistöku EES samningsins að hafa heimildir og takmarkanir á fjárfestingum eigna til jöfnunar váttryggingaskuld í reglugerð, einkum vegna þeirra umfangsmiklu breytinga sem fyrirsjáanlegar eru á lagaumhverfi váttryggingafélaga á næstu árum. Breytingar þessar varða meðal annars gjaldþolskröfur vegna fjárfestingaráhættu og heimildir til fjárfestinga.

Á umræddum fundi var einnig rætt um ákvæði 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins þar sem segir „þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er váttryggingafélagi heimilt að reka viðskiptabanka eða aðra fjármálastarfsemi í sérstöku félagi, enda sé starfsemin háð starfsleyfi og eftirliti opinberra aðila“.

Ákvæði þetta er samhljóða 3. mgr. 9. gr. gildandi laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi. Í athugasemdum við frumvarp til þeirra laga segir: „Eins og í LUV, sbr. 4. gr., er grundvallarskilyrði að váttryggingafélag reki ekki váttryggingastarfsemi sem er óháð váttryggingastarfsemi og er nýmæli að reynt er að skilgreina hvenær starfsemi telst óskyld starfsemi, sbr. 2. mgr. Á hinn bóginn er talið rétt að rýmka möguleika váttryggingafélaga til að reka hliðarstarfsemi sem tengist hinni hefðbundnu váttryggingastarfsemi, og til að ávaxta fjármuni sína þegar það er liður í eðlilegri starfsemi á þessu sviði. Er það í samræmi við þróun sem víða hefur átt sér stað á undanförunum árum. Er hér lagt til að váttryggingafélög megi eiga meirihluta í fyrirtæki sem rekur fjármálastarfsemi, þ. á m. viðskiptabanka að því tilskilu að fyrirtækið sé háð opinberu eftirliti svo sem hjá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands eða sambærilegri stofnun.“ Í almennum athugasemdum er jafnframt vísað til að þetta sé í samræmi við þróunina víða annars staðar og styrki samkeppnisstöðu íslenskra váttryggingafélaga á markaðnum. Einnig segir „einkum er samkeppni víða mikil milli lánastofnana og fjárfestingarfélaga annars vegar og váttryggingafélaga hins vegar um sparifé þegar líftryggingar og ýmis sparnaðar- og fjárfestingarform eru annars vegar“.

Ákvæðin um hliðarstarfsemi eru því úr eldri lögum en voru ekki tekin upp í tengslum við gildistöku EES samningsins. Vísað er hins vegar til þess að heimild til að eiga viðskiptabanka sé í samræmi við alþjóðlega þróun og styrki samkeppnisstöðu váttryggingafélaga. Mikilvægt er að hafa í huga að váttryggingafélög hafa heimild til að bjóða upp á ýmis sparnaðarform, s.s. söfnunarlíftryggingar og að viðskiptabönkum er heimilt að eiga váttryggingafélög. Loks má geta þess að tilskipanir á innri markaði EES sem tekin hafa verið í lög og reglur hér á landi taka tillit þeirrar áhættu sem felst í því að samþætta fjármála- og váttryggingastarfsemi. Þannig er t.d. í 1. mgr. 31. gr. frumvarpsins kveðið á um að draga skuli frá hlutdeild í fjármálafyrirtæki frá gjaldþoli váttryggingafélaga og váttryggingafélag sem á fjármálafyrirtæki að dótturfélagi sem hefur ekki óverulega þýðingu innan samstæðunnar telst fjármálsamsteypa og lítur sérstökum reglum um viðbótareftirlit, nr. 920/2008, sem FME hefur gefið út.

Kveðja/regards

Sigurður Freyr Jónatansson
Actuary

fme

Reglugerð um jöfnun eigna á móti váttryggingaskuld váttryggingafélaga.**Almenn ákvæði.****1. gr.**

Með váttryggingaskuld váttryggingafélags er átt við óuppgerðar heildarskuldbindingar þess vegna gerðra váttryggingasamninga eins og hún er metin sem liður skuldamegin í efnahagsreikningi félagsins. Í líftryggingafélagi er váttryggingaskuldin einnig nefnd líftryggingaskuld. Fyrir váttryggingafélög sem gera upp samkvæmt alþjóðlega reikningsskilastaðlinum IFRS 4 er einnig átt við þann hluta eigin fjár sem áður taldist til útjöfnunarskuldur og hefur ekki verið færður niður samkvæmt reglum sem félagið hefur sett sér um niðurfærslu útjöfnunarskuldur, sbr. 3. gr. reglna nr. 85/1999 um hámark útjöfnunarskuldur váttryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga og um útreikning þess. Sama gildir um þann hluta ágóðajöfnunarskuldur sem færður hefur verið undir eigið fé og ekki úthlutað til líftryggingartaka og um váttryggingaskuld vegna samninga sem töldust áður til váttryggingarsamninga en teljast nú til fjármálagerninga samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.¹

Með váttryggingafélagi er átt við félag eða stofnun með starfsleyfi sem gefið hefur verið út hér á landi og útbú erlendra váttryggingafélaga með aðalstöðvar utan Evrópska efnahagssvæðisins sem leyfi hafa fengið til váttryggingastarfsemi hér á landi, sbr. lög nr. 60/1994.

2. gr.

Váttryggingafélag skal sjá til þess að fyrir hendi séu eignir sérstaklega tilgreindar á móti váttryggingaskuldinni til að tryggja að félagið geti staðið við váttryggingaskuldbindingar sínar. Í því skyni skulu eignir valdar með tilliti til samsetningar váttryggingaskuldarinnar, uppgjörshraða skuldbindinganna, virði eignanna og ávöxtunar þeirra til skemmri og lengri tíma.

Félagið skal tryggja fjölbreytni og dreifingu eigna á móti váttryggingaskuld í samræmi við tegund þeirra skuldbindinga sem hvíla á félaginu. Taka skal tillit til þeirrar áhættu sem félagið ber og felst í fjárfestingu af tiltekinni tegund og skulu eignir á móti váttryggingaskuldbindingu félagsins valdar í samræmi við það. Eignum sem ekki er hægt að selja með stuttum fyrirvara skal halda innan hóflegra marka. Ákvæði 7., 8. og 9. gr. eiga ekki við um skuldbindingar vegna líftryggingasamninga með fjárfestingaráhættu líftryggingataka nema að því marki sem í þeim felst loforð félagsins um vexti eða tiltekna útborgun.²

Miða skal fjárhæðir og dreifingu eigna við heildarupphæð váttryggingaskuldur. Tekið skal tillit til breytinga á váttryggingaskuld og eignum sem eiga að mæta henni innan reikningsársins nema um tímabundnar sveiflur innan þess sé að ræða.

¹ 1. gr. reglugerðar nr. 484/2006

² 1. gr. reglugerðar 581/1991

Tegundir eigna.

3. gr.

Vátryggingafélag má ekki nota aðrar tegundir eigna á móti vátryggingaskuld en þær sem að neðan greinir, auk þeirra sem getið er í 4. og 5. gr.:

1. Verðbréf með ábyrgð ríkis og kröfur á ríki á svæði A. Verðbréf útgefin af fjölþjóða þróunarbönkum, eins og þeir eru skilgreindir í 2. gr. reglugerðar nr. 530/2003 um eiginfjárlutfall fjármálafyrirtækja, sem eitt eða fleiri aðildarríki sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið eru aðilar að.³
2. Innstæður hjá viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum fjármálastofnunum á svæði A undir opinberu eftirliti.
3. Útlán með veði í líftryggingum hjá félaginu allt að endurkaupsverði.
4. Verðbréf með ábyrgð sveitarfélags og kröfur á sveitarfélag á svæði A.
5. Verðbréf skráð á reglulegum markaði á svæði A. Verðbréf útgefin af viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum fjármálastofnunum undir opinberu eftirliti á svæði A og útlán með ábyrgð þeirra.
6. Fasteignir, lönd og lóðir. Eignarhlutir í félögum sem hafa að megintilgangi að fjárfesta í slíkum eignum. Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir. Verðbréf með veði í varanlegum rekstrarfjármunum.
7. Hlutabréf ekki skráð á reglulegum markaði.
8. Verðbréf og kröfur með annarri tryggingu en í 6. tölul.
9. Verðbréf og kröfur án sérstakrar tryggingar.
10. Reiðufé.
11. Hlutdeild í verðbréfasjóðum sbr. lög nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, en verðbréfasafni að baki skírteinunum skal skipt á aðra töluliði þessarar málsgreinar í samræmi við takmarkanir 7. og 8. gr.⁴

Um skilgreiningu á svæði A fer samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárlutfalli lánastofnana og fjárfestingarfyrirtækja, eins og þær eru á hverjum tíma. Með reglulegum markaði er átt við markað samkvæmt skilgreiningu í 7. gr. laga um vátryggingastarfsemi, hér á landi Verðbréfaping Íslands.

4. gr.

Tilgreina má hlut endurtryggjenda í vátryggingaskuld sem eign á móti vátryggingaskuld sé endurtryggt hjá vátryggingafélagi með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Geymslufé og iðgjaldakröfur vegna endurtrygginga má tilgreina á móti vátryggingaskuld hafi ekki liðið meira en þrjú mánuðir frá gjalddaga.

³ 1. gr. reglugerðar nr. 699/2003

⁴ 2. gr. reglugerðar nr. 484/2006. Með orðalaginu "verðbréfasafni að baki skírteinunum skal skipt á aðra töluliði..." þýðir að félaginu er skylt að horfa í gegnum sjóðina, þ.e. kynna sér þær fjárfestingar sem eru í sjóðunum og gæta þess að fjárfesting í verðbréfasjóði leiði ekki til þess að farið sé út fyrir þær takmarkanir sem kveðið er á um í 7. og 8. gr. reglugerðarinnar.

Hafi endurtryggjandi staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins má heimila að hlutur endurtryggjenda sé tilgreindur sem eign á móti váttryggingaskuld, enda sé endurtryggjandinn undir opinberu eftirliti og uppfylli kröfur um fjárhagslegan styrk sem Fjármálaeftirlitið metur fullnægjandi.

5. gr.

Eignfærðan kostnað við öflun líftrygginga má nota á móti váttryggingaskuld að því marki er samsvarar sama lið í tæknigrundvelli líftrygginga. Í öðrum greinum váttrygginga má nota slíkan öflunarkostnað að sama marki og ráð er fyrir gert í iðgjaldaskuldinni.

Fjárfestingar vegna líftrygginga með fjárfestingaráhættu líftryggingataka⁵

5a. gr.

Þegar skuldbinding samkvæmt líftryggingasamningi er með beinum hætti háð verðgildi eininga í verðbréfasjóði samkvæmt lögum nr. 10/1993 um verðbréfasjóði eða verðgildi eininga í sjóði sem er í vörslu váttryggingafélagsins, skal líftryggingaskuld vegna skuldbindingarinnar mætt með einingum sem samsvara, eins og hægt er, þeim einingum sem samningurinn kveður á um eða þegar slíkar einingar eru ekki til, með sömu eignum og að baki liggja.

Þegar skuldbinding samkvæmt líftryggingasamningi er með beinum hætti háð gengi hlutabréfa eða annarri viðmiðun en fram kemur í 1. mgr. skal váttryggingaskuld vegna þessarar skuldbindingar mætt, eins og hægt er, annaðhvort með einingum sem taldar eru samsvara eignum sem vísað er til í samningnum, eða þegar einingar af því tagi eru ekki fáanlegar, með hæfilega öruggum og seljanlegum eignum samsvarandi eins vel og hægt er því sem samningurinn tekur mið af.

Mat á eignum.

6. gr.

Meta skal í hverju tilviki fyrir sig þá áhættu sem felst í þeim eignum sem ætlað er að mæta váttryggingaskuldinni og sérstaklega með tilliti til dreifingar þannig að vægi einstakra tegunda og eigna á einni hendi verði takmarkað.

Varanlega rekstrarfjármuni má því aðeins nota sem eign á móti váttryggingaskuld að þeir hafi verið nægilega afskrifaðir og færðir niður í verð sem ætla má að fyrir þá fáist.

Verðbréf og kröfur má ekki nota sem eign á móti váttryggingaskuld nema eignin teljist trygg og hafi verið nægilega færð niður.

Framseljanleg verðbréf sem ekki eru skráð á reglulegum markaði má því aðeins nota á móti váttryggingaskuld að þeim verði komið í verð með skömmum fyrirvara eða að um sé að ræða eignarhald í fjármálastofnun undir opinberu eftirliti. Afleiðusamninga

⁵ 3. gr. reglugerðar nr. 581/1991

svo sem vilnanir, framvirka samninga og skiptasamninga má aðeins nota við mat á eignum sem samningarnir tengjast. Matið skal vera varfæmislegt og má aðeins nota afleiðusamninga sem stuðla að því að draga úr fjárfestingaráhættu og eru liður í að auka hagkvæmni fjárfestingarstjórnunar.⁶

Útistandandi iðgjöld og kröfur á miðlara sem rekja má til váttrygginga (frum- eða endurtrygginga) má því aðeins nota að eigi hafi liðið meira en þrjú mánuðir frá gjalddaga.

Frá hverri eign skal draga áhvílandi lán og taka tillit til ábyrgða. Frá kröfum á einstaka skuldunauta skal draga skuldir félagsins við þá.

Dreifing eigna.

7. gr.

Hámark einstakra tegunda eigna samanlagt sem hlutfall af váttryggingaskuld, sbr. töluliði 3. greinar og töflu í viðauka, er í 1. tl. 100%, í 2. tl. 100%, í 3. tl. 100%, í 4. tl. 50%, í 5. tl. 40%, í 6. tl. 40%, í 7. tl. 10%, í 8. tl. 8%, í 9. tl. 5% og í 10. tl. 3%.

8. gr.

Hámarkshlutfall eigna á einni hendi á móti váttryggingaskuld, þ.e. eign útistandandi hjá sama einstaklingi eða lögaðila, hjá sama lántakanda eða útgefanda, sbr. töluliði 3. greinar og töflu í viðauka er:

- 1. tl. 100%.
- 2. tl. 5%. Þó má hámarkið á einni hendi hækka í 10% svo fremi að slíkar eignir nemi samanlagt ekki yfir 40% heildarváttryggingaskuldar.
- 3. tl. 100%.
- 4. tl. 10%.
- 5. tl. 5%. Þó má hámarkið á einni hendi hækka í 10% svo fremi að slíkar eignir nemi samanlagt ekki yfir 40% heildarváttryggingaskuldar.
- 6. tl. 5%. Sama gildir um fleiri eignir á sama stað eða í nálægð hvern annarrar þannig að þær teljist ein fjárfesting.
- 7. tl. 1%.
- 8. tl. 1%.
- 9. tl. 1%.
- 11. tl. 25%⁷

Kröfur á einn aðila af fleiri en einni tegund samkvæmt 2., 4. – 9. og 11. töluliðum 3. gr. mega samanlagt mest nema þeirri hlutfallstölu sem tilgreind er fyrir þann tölulið þar sem hlutfallstala hlutaðeigandi eigna er hæst.⁸

⁶ 4. gr. reglugerðar nr. 581/1991

⁷ 4. gr. reglugerðar nr. 484/2006

⁸ 5. gr. reglugerðar nr. 484/2006

9. gr.

Hlutdeild í dótturfélagi sem hefur það hlutverk eitt að ávaxta eignir váttryggingafélagsins að öllu leyti eða að hluta skal metin sem hlutdeild félagsins í eignum dótturfélagsins.

Váttryggingaeftirlitið getur krafist þess að eignir í öðrum dótturfélögum séu metnar á sama hátt.⁹

Gengisáhætta.

10. gr.

Velja skal eignir á móti váttryggingaskuld með tilliti til gengisáhættu þannig að dregið sé úr vægi hennar svo sem kostur er. Eignirnar skulu ávaxtaðar í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins nema Fjármálaeftirlitið veiti undanþágu frá því skilyrði sérstaklega.

Eignir á móti váttryggingaskuld skulu að meginreglu vera í sama gjaldmiðli og skuldbindingin sem þeim er ætlað að mæta. Víkja má frá þeirri reglu, nemi eignir sem ættu að vera í tilteknum gjaldmiðli 7% eða minna af eignum samanlagt í öðrum gjaldmiðlum.¹⁰

Váttryggingafélag má ekki ávaxta meira en sem svarar 20% váttryggingaskuldbindinga sem eru í tilteknum gjaldmiðli, í eignum sem eru í öðrum gjaldmiðli.

11. gr.

Þegar tilgreint er í váttryggingasamningi að váttryggingavernd skuli veitt í tilteknum gjaldmiðli skal litið svo á að skuldbinding váttryggingafélags sé í sama gjaldmiðli eða, komi það ekki fram í samningnum, að skuldbindingin sé í gjaldmiðli þess ríkis þar sem váttryggingaáhættan er eða skuldbindingin komst á, sbr. 8. gr. laga nr. 60/1994.

Ekki skal gerð krafa um jöfnun eigna á móti váttryggingaskuld vegna gengisáhættu í tilteknum gjaldmiðli þegar hindranir varðandi fjármagnsflutninga eru í gildi eða af öðrum ytri ástæðum þegar talið yrði að markmiði um takmörkun á vægi gengisáhættu yrði ekki náð með slíkri jöfnun eigna á móti skuldbindingum.

Skrá yfir eignir.

12. gr.

Váttryggingafélag skal halda skrá yfir þær eignir sem mæta eiga váttryggingaskuld á hverjum tíma og sjá til þess að nýjar eignir verði skráðar á reikningsárinu þegar breytingar eiga sér stað á eignaskránni og mati váttryggingaskuldar. Samantekt úr skránni ásamt fullnægjandi skýringum á vali á eignum á móti váttryggingaskuld skal fylgja ársreikningi og öðrum gögnum vegna ársuppgjörs til Fjármálaeftirlitsins,

⁹ 5. gr. reglugerðar nr. 581/1991

¹⁰ 6. gr. reglugerðar nr. 581/1991

staðfest af endurskoðanda félagsins og þegar við á tryggingastærðfræðingi. Samantekt úr skránni skal send Fjármálaeftirlitinu á öðrum tíma telji það ástæðu til. Sér í lagi skal váttryggingafélag gæta þess að hafa yfirsýn yfir verðbréfasafn að baki hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða.¹¹

Ýmis ákvæði.

13. gr.

Váttryggingaefirlitinu er heimilt að fenginni rökstuddri umsókn frá váttryggingafélagi að veita tímabundna og takmarkaða undanþágu frá ákvæðum 3., 7. og 8. gr. um samsetningu og dreifingu eigna og eignir á einni hendi sem mæta eiga váttryggingaskuld að teknu tilliti til nauðsynlegra varfærnissjónarmiða, sbr. 2. og 6. gr.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við 3. mgr. 34. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994 og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Váttryggingafélög sem hafa starfsleyfi útgefið hér á landi við gildistöku reglugerðar þessarar skulu innan tveggja mánaða frá gildistöku hennar gera Váttryggingaefirlitinu grein fyrir þeim eignum sem eiga að mæta váttryggingaskuldinni og láta því í té yfirlit yfir þessar eignir. Telji félag að það uppfylli ekki ákvæði reglugerðarinnar skal það leggja fram áætlun með yfirlitinu um það hvernig og hvenær það hyggst ná því marki. Váttryggingaefirlitið getur þá veitt félaginu aðlögunartíma, sbr. 13. gr.

Viðskiptaráðuneytið, 15. desember 1995.

Finnur Ingólfsson.

Þorkell Helgason.

¹¹ 7. gr. reglugerðar nr. 484/2006

Viðauki.

Tafla til skýringar á reglum 3., 7. og 8. gr. um tegundir og dreifingu eigna samanlagt og að hámarki á einni hendi.

Hámark eigna sem hlutfall váttr.skuldar, %	Tegundir eigna	Hámark eigna á einni hendi sem hlutfall váttr.skuldar, %
100	1. Verðbréf með ábyrgð ríkis og kröfur á ríki á svæði A.	100
	2. Innstæður hjá viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum fjármálastofnunum á svæði A undir opinberu eftirliti.	5 - 10 *
	3. Útlán með veði í líftryggingum hjá félaginu allt að endurkaupsverði.	100
50	4. Verðbréf með ábyrgð sveitarfélags og kröfur á sveitarfélag á svæði A.	10
40	5. Verðbréf skráð á reglulegum markaði á svæði A. Verðbréf útgefin af viðskipta- bönkum, sparisjóðum og öðrum fjármálastofnunum undir opinberu eftirliti á svæði A og útlán með ábyrgð þeirra. Hlutdeild í verðbréfasjóðum, sbr. lög nr. 10/1993.	5 - 10 *
40	6. Fasteignir, lönd og lóðir. Eignarhlutir í félögum sem hafa að megintilgangi að fjárfesta í slíkum eignum. Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir. Verðbréf með veði í varanlegum rekstrarfjármunum.	5
10	7. Hlutabréf ekki skráð á reglulegum markaði.	1
8	8. Verðbréf og kröfur með annarri tryggingu en í 6. tölul.	1
5	9. Verðbréf og kröfur án sérstakrar tryggingar.	1
3	10. Reiðufé.	
	11. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	25

* Sbr. 8. gr.

